



# Áríðandi tilkynning til launagreiðenda vegna nýrra lagaákvæða varðandi lífeyrissparnað

Alþingi samþykkti nú fyrir jólahlé á störfum sínum að breyta lögum á þann veg að heimild til frádráttar iðgjalda í viðbótarlífeyrissparnað frá tekjuskattsstofni verði 2% í stað 4% næstu þrjú ár, þ.e. frá byrjun janúar 2012 til ársloka 2014.

Lagasetningin kallar ekki á að breyta þurfi núgildandi samningum um viðbótarlífeyrissparnað, heldur ber launagreiðenda að tryggja að frjálst framlag launafólks í viðbótarlífeyrissparnað verði ekki umfram 2% af iðgjaldastofni.

Að óbreyttum nýsamþykktum lögum verður heimild til frádráttar iðgjalda í viðbótarlífeyrissparnað frá tekjuskattsstofni hækkuð á ný í 4% frá og með árinu 2015.

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Landssamtaka lífeyrissjóða ll.is og á heimasíðum vörsluaðila viðbótarlífeyrissparnaðar.

Það ber að taka skýrt fram að Landssamtök lífeyrissjóða mótmæltu eindregið öllum áformum um þessa lagabreytingu og vörðu við afleiðingum hennar.

Umrædd breyting varðar 30. grein laga um tekjuskatt nr. 90/2003.  
Nýtt lagaákvæði hljóðar svo:

„Þrátt fyrir ákvæði 2. másl. 4. og 5. tölul. A-liðar 30. gr. skal heimilaður frádráttur frá tekjum manna, á árunum 2012–2014, vera allt að 2% af iðgjaldsstofni samkvæmt ákvörðun sjóðfélaga vegna iðgjalda sem greidd eru til lífeyrissjóða til aukningar lífeyrisréttinda, til aðila skv. 3. mgr. 8. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, eða til starfstengdra eftirlaunasjóða samkvæmt lögum um starfstengda eftirlaunasjóði. Þeir sem annast iðgjaldaskil samkvæmt samningum um viðbótartryggingavernd og séreignarsparnað á tímabilinu 2012–2014 skulu þrátt fyrir ákvæði umræddra samninga draga að hámarki 2% af iðgjaldsstofni réttthafa nema hann óski sérstaklega eftir því að hlutfall iðgjalds verði hærra.“

**Landssamtök lífeyrissjóða**

